

Tillaga

Viðtakandi: Atvinnu- og nýsköpunarnefnd

Efni: Tillaga um ráðstöfun fjárheimilda til gerðar markaðsáætlunar fyrir Mosfellsbæ

Dags: 29. ágúst 2024

Málsnúmer: 202408432/-

Sendandi: Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, Skrifstofustjóri

Tillaga:

Lagt er til að atvinnu- og nýsköpunarnefnd ráðstafi fjárheimildum nefndarinnar sem eyrnamerkt er til innleiðingar atvinnustefnu til að vinna að markaðsáætlun fyrir sveitarfélagið til að laða að fyrirtæki til samstarfs og uppbyggingar. Lagt er til að nýta allt að 2,5 m.kr. á árinu 2024 til að fara í þessa vinnu.

Greinargerð:

Atvinnustefna Mosfellsbæjar 2023-2030 var samþykkt í bæjarstjórn 11. september 2023. Atvinnustefnan hefur átta stefnuáherslur þar sem áhersla er lögð á fjölbreytt atvinnulíf og stuðning við atvinnulífið í sveitarfélaginu. Stefnunni fylgir aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2023-2026. Aðgerðaáætlunin samanstendur af 26 fjölbreyttum aðgerðum. Þegar er tveimur aðgerðum lokið, 12 eru hafnar og 12 eru ekki hafnar en eru á áætlun síðar á tímabilinu.

Ein af stefnuáherslum atvinnustefnu er „Öflug markaðssetning sveitarfélagsins og kynning á möguleikum til uppbyggingar í Mosfellsbæ“ og ein lykilaðgerð undir þeirri stefnuáherslu er að „Setja upp markaðsáætlun fyrir sveitarfélagið og laða að fyrirtæki til samstarfs og uppbyggingar“. Öflug markaðsáætlun fyrir Mosfellsbæ er mikilvæg aðgerð til innleiðingar á stefnunni og styður jafnframt mjög vel við aðrar aðgerðir í aðgerðaáætluninni. Markaðsáætlun mun styrkja stefnu bæjarins í atvinnumálum og uppbyggingu. Markaðsáætlun myndi auka sýnileika Mosfellsbæjar og auka möguleika á að laða að fyrirtæki, fjárfestingar og íbúa til sveitarfélagsins.

Í fjárhagsáætlun atvinnu- og nýsköpunarnefndar fyrir árið 2024 var áætlað 3 m.kr. til aðkeyptrar vinnu og var hugsunin að sú fjárheimild yrði nýtt til innleiðingar atvinnustefnu. Þegar hefur verið ráðstafað kr. 500.000. Er lagt til að eftirstandandi fjárheimildir allt að 2,5 m.kr. verði nýttar til hefja vinnu við gerð markaðsáætlunar fyrir Mosfellsbæ og skrifstofu umbóta og þróunar falið að hefja þá vinnu.

Virðingarfyllt,
Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir

Fylgiskjal:

- Atvinnustefna Mosfellsbæjar ásamt aðgerðaáætlun: <https://mos.is/mannlif/um-mosfellsbae/atvinnustefna>